

PAX/KOMPLEMENT

Upplýsingar um ábyrgð

10

Fataskápar, hurðir og innvols



Daglegt heimilislíf gerir miklar kröfur til hirslna. PAX og KOMPLEMENT fataskápar, hurðir og innvols hafa gengist undir margvíslegar prófanir til að tryggja að þau standist strangar kröfur okkar um gæði, stöðugleika, endingu og öryggi ásamt ströngustu stöðlum sem gerðir eru til húsbúnaðar á heimilum.

Við bjóðum upp á 10 ára ábyrgð sem nær yfir galla í efni og framleiðslu á PAX og KOMPLEMENT fataskápum, hurðum og innvolsi.

Ábyrgðin gildir samkvæmt ábyrgðarskilmálum sem koma fram í þessum bæklingi.

10

PAX og KOMPLEMENT
fataskápar, hurðir og innvols
eru með 10 ára ábyrgð.

Hversu lengi gildir ábyrgðin?

Ábyrgðin gildir í 10 ár frá þeim degi sem varan er keypt í IKEA. Upphafleg kvittun þarf að fylgja með sem staðfesting á kaupunum. Ábyrgðin gildir eingöngu fyrir þann aðila sem upprunalega kaupir vöruna. Hún færist ekki á milli eigenda.

Hvað fellur undir þessa ábyrgð?

Ábyrgðin nær aðeins til heimilisafnota og nær til galla í efni og framleiðslu á öllum PAX og KOMPLEMENT fataskápum, hurðum og innvolsi.

Hvað fellur ekki undir þessa ábyrgð?

Engar undantekningar.

Hvað gerir IKEA til að leysa vandann?

IKEA skoðar vöruna og tekur ákvörðun um hvort ábyrgðin gildi í hverju tilfelli fyrir sig. IKEA áskilur sér rétt til að úrskurða um það eins fljótt og auðið er eftir að vörunni er skilað. Ef ábyrgðin er í gildi ákveður IKEA hvort gert er við vöruna eða henni skipt út fyrir sömu vöru eða sambærilega. IKEA ber þá kostnað af viðgerð, varahlutum, vinnu og ferðum starfsfólks sem IKEA fær til viðgerðanna. Þetta á þó aðeins við ef varan er aðgengileg án þess að viðbótarkostnaður hljóti af. Þetta á ekki við í þeim tilfellum þar sem viðgerð hefur farið fram án heimildar IKEA. Allir gallaðir hlutar sem fjarlægðir eru við viðgerð eru eign IKEA.

Ef varan er ekki lengur seld hjá IKEA verður viðskiptavininn útveguð sambærileg vara. IKEA áskilur sér rétt til að ákveða hverju sinni hvað er sambærileg vara.

Hvað fellur ekki undir þessa ábyrgð?

Ábyrgðin gildir ekki um vörur sem hafa verið geymdar, settar saman eða settar upp á rangan hátt, notaðar á óviðeigandi hátt, hlotið slæma meðhöndlun, verið breytt eða hreinsaðar með röngum efnum eða aðferðum.

Ábyrgðin nær ekki yfir venjulega notkun, rispur eða skemmdir vegna óhappa eða högga.

Ábyrgðin gildir ekki ef varan hefur verið notuð utandyra eða þar sem er raki, til dæmis inni á baðherbergi.

Ábyrgðin nær ekki yfir skaða vegna tilfallandi eða afleidds tjóns.

Aukahlutir sem ekki hafa áhrif á grunnvirkni vörunnar eru ekki innifaldir í ábyrgðinni.

Umhirðuleiðbeiningar

Settu fataskápinn saman samkvæmt samsetningarleiðbeiningunum og festu hann tryggilega við vegg. Veggir eru mismunandi og þurfa því mismunandi skrúfur og festingar. Hafðu samband við fagaðila til að fá ráðleggingar um hvaða skrúfur og festingar henta veggjunum þínum.

Þrífðu með rökum klút og mildu hreinsiefni. Þurrkaðu síðan með hreinum, þurrum klút. Fyrir KOMPLEMENT kassa og skartgripa-, aukahluta- og skóinnlegg: Notaðu ryksugu eða límrullu til að þrífa. Ekki þrífa með vatni.

Almenn réttindi

Ábyrgðin veitir þér tiltekin réttindi. Hún hefur á engan hátt áhrif á lagalegan rétt þinn.

Hafðu samband

Ef þú þarft frekari upplýsingar getur þú haft samband við IKEA í síma 520 2500 eða á [IKEA.is](https://www.ikea.is).

Geymdu kvittunina

Hún er staðfesting á kaupunum og nauðsynleg til að ábyrgðin gildi. Ef eitthvað kemur upp á eða ef varan stenst ekki kröfur þínar, vinsamlega hafðu þá samband í gegnum [IKEA.is](https://www.ikea.is) eða hringdu í 520 2500.

